



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 17. maí 2022

2205016SA KB  
Málalykill: oo.63

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna, 530. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 2. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn sambandsins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (sambætting þjónustu í þágu barna, snemmtækur stuðningur), 530. mál.

Um er að ræða breytingar á nokkrum lögum á málefnasviði félags- og vinnumarkaðsráðherra sem allar tengjast setningu laga um sambætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 88/2021.

Líkt og fram kemur í frumvarpinu áttu ráðuneytið og sambandið gott samráð um efni frumvarpsins og tók ráðuneytið fullt tillit til athugasemda sambandsins á vinnslustigi.

Lög um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna kalla á mikla vinnu hjá sveitarfélögunum og samhæfingu kerfa innan sveitarfélaga og milli sveitarfélaga og ríkis. Sambandið hefur því lagt á það mikla áherslu frá upphafi að löggin yrðu innleidd með markvissum hætti og að þeim fylgdi nauðsynlegt fjármagn en gert er ráð fyrir að löggin verð að fullu komin til framkvæmda á næstu þremur til fimm árum. Sambandið hvetur Alþingi til að halda áfram að styðja við þær mikilvægu breytingar sem í lögnum felast með því að tryggja nauðsynlegt fjármagn til innleiðingar við afgreiðslu fjárlaga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri